



# Skólaþing Bláskógabyggðar

Hugmyndasafn

30. apríl 2011



# Nemendur



# Skóli

- Annað
- Annað nám
- Bekkjarkerfi
- Einelti - fleiri vini - ekkert einelti
- Ferðalög
- Félagslíf
- Frímínútur
- Heimanám
- Heimilisfræði
- Íþróttir
- Kaffi og tóbak
- Kennarar
- Leikir
- Leiktæki
- Matur
- Matur
- Samfélagsfræði
- Samkenndsla
- Samskipti
- Skemmtilegan skóla
- Skólaandi
- Skólabækur
- Skólatími
- Skrautlegur skóli
- Stærðfræði
- Sumarfrí
- Sund
- Tónmennt
- Útbúnaður
- Útikennsla
- Val
- Verklegt nám



# Skóli

- Annað
  - að einhver skóladagur byrji kl. 10:00 og að það sé skrifað upp á töflu hvað á að leika og svo fá fara í frjálst
  - betri hátalara, þægilegri sófa, fá nammi ef maður segir rétt, hafa samlokugrill í mötuneytinu, skemmtilega kennara
  - duglegan
  - Ekki hafa kynjaskipt í tímum
  - Fjölbreytt námsefni
  - fleiri leiktæki fyrir eldri. Fá nammi og gos í tíma. Fá ís í eftirrött
  - Frjálslegra skólhald. T.d. má hafa húfur inni, má vera í úlpum og vera með tyggjó
  - Gott andrúmsloft á milli mín og kennarans og nemendur, hlusta á tónlist fær mig til að einbeita mér betur og líða vel, gott skap og vel sofin, meira frjálsheit t.d. í lagi að hafa tyggjó og gotterí
  - Hafa gaman í skólanum, mega hafa gos og nammi í skólanum og í tíma. Hafa meir frjálsan tíma. Minna heimanám. Skemmtilegra heimanám
  - hafa skólann betri
  - hlusta á tónlist, tala við vini og þögn þegar ég er að læra
  - lausari reglur
  - Loka honum!
  - lokað
  - Maður fær kr. á hverjum degi
  - Með engum kennurum. Maður má taka paintball og drita í Baldvin og vera í tölvum í frímínútum
- mig langar að hafa nammi og tyggjó, má vera í úlpum má sleppa heimanámi, læra fleiri tungumál, fjölbreyttar íþróttir í íþróttum eins og fimleika, láta kenna dans í félagsmiðstöðinni
- Nammi!!! Má taka nammi með í skólann
- ótrúlegan skemmtilegan. Mega vera með tyggjó í skólanum og mega vera með gos og að kennarar þurfa að gefa krökkum eitt nammi fyrir hverja kennslustund. Fleiri frímínútur
- Skemmtilegan. Mikið frjálsræði. Ekkert sund. Meiri íþróttir. Meira val. Ekkert heimanám. Mega vera með nammi, sælgæti, súkkulaði. Mest 3 sinnum. Skólinn byrji kl. 8 og búinn kl. 12. 6 frímínútur
- Taka dót í skólann á hverjum degi
- Taka dót með í skólann
- Það má gera allt í skólanum
- það þarf skemmtilegri nemendur. Það þarf betri bækur. Lengri frímínútur. Ekki sund þegar það er vetur
- Þægilegri styttri skóladagur eða sleppa heimanámi yfir höfuð. Við erum megnið af deginum í skólanum og svo er verið að troða heimanámi í frítímann okkar. Sleppa dönsku og setja jafnvel annað tungumál í staðinn, það nennir enginn að læra hana. Lengra sumarfrí er alltaf gott. Annars er skólinn nokkuð góður eins og hann er og ég á erfitt með að hugsa hvernig hann væri öðruvísi. Leyfa tyggjó og gúmmulaði. Ef fólk er kalt að leyfa þeim að vera í úlpu inni. Sleppa skóla eins og yngri krakkarnir á föstudögum. Almenn svindl haha. Byrja skólann seinna á mánudögum, það vita allir hvernig helgin er hjá unglíngum ;o)



# Skóli

- Einelti - fleiri vini - ekkert einelti
  - Ekkert einelti
  - Fleiri vini
  - að allir séu vinir og enginn sé lagður í einelti
  - góða vini
  - Stríðni lausan skóla
  - ekkert einelti
  - góða vini
  - Eineltis lausan
  - hafa vini í skólanum
  - góða vini
  - góðir vinir
  - enga stríðni = góðir vinir
  - hafa ekkert einelti
  - Ekkert einelti og stríðni og allir eru góðir við alla
  - það er gaman í skólanum allir eru skemmtilegir allir að vera vinir
- mér líður vel með góðum vinum og að fólk sé almennilegt
- að stríðni hætti og ekkert einelti og það verði útilokað og hætta fokka og segja face
- gott umhverfi og geta treyst fólkinu í skólanum
- allir vinir, það má ekki meiða, það má ekki kasta steinum í annað fólk, bannað að skilja útundan, kennarar þurfa að vera góðir
- skemmtilegt fólk
- góðir vinir
- vini sem eru skemmtilegir
- Stríðni lausan
- vináttu í skólanum
- hafa vini til að vera með í frímínútunum og svo framvegis
- Hafa vini
- Góða vini, skateparks, skemmtilega stundaskrá og minna heimanám
- ef að er hætt að meiða. ef allir eru góðir við hvorn annan. allir væru vinir



# Skóli

- Ferðalög
  - fleiri ferðalög til að læra í leiðinni
- Félagslíf
  - félagsmiðstöð
  - félagsmiðstöð
  - sófa inn í stofurnar
  - hafa lyftu sem fer niður allar stofur
  - fá sófa í skólann
  - billiardborð í tómsundaherbergið
  - flatskjá inn í öllum stofum
  - Fleiri fjör og skemmtun og rosa fjör
  - meiri skemmtun og fjör og ...
  - tómsundaaðstöðu
  - að hafa diskótek
  - fara í Slakka
  - hafa dýra dag
  - skemmtilegan. byrja kl. 9. hafa félagsmiðstöð. hafa lengri frímínútur. hafa færri stærðfræðitíma
- Bekkjarkerfi
  - ég vil hafa þannig að krakkar í 7-10 bekk fái að vera í vali
  - að raða bekkjum eftir gáfu
  - 7-10 bekkur fær að fara í val
  - 5-7 bekkur verði saman



# Skóli

- Frímínútur
  - sleppa vetrarfríinu og lengja þar með sumarfríið
  - meiri eða fjölbreyttari íþróttakennslu. Sleppa vetrarfríi og fá lengra sumarfrí í staðinn. Helst sleppa því að láta skólann ná fram í júní. fleiri tilbreytingar og glaðlegri kennslu
  - lengri frímínútur. einn dagur í skólanum byrji kl. 09:00. Láta samfélagsfræðina ekki á mánudögum heldur á þriðjudögum
  - að maður megi ráða hvort maður megi vera í kór eða ekki
  - skemmtilegan. byrja seinna. hafa fleiri frímínútur
  - Lengri frímínútur. Betri matur. Betra val. Minna heimanám
  - Lengri frímínútur
  - Lengri frímínútur
  - Hafa frímínúturnar lengri
  - lengri frímínútur, færri frímínútur
- Lengri frímínútur. Betra val. Stripparar (kvenn). Kv Illuminati
- Lengri frímínútur. Stærri skóla. Minna heimanám
- Lengri frímó og betri mat. Aldrei heimanám
- Meiri frímó og lengri skóli en styttri tímar. Rosa góðan mat og einu sinni minna heimanám og allir bekkirnir eiga að semja leikrit, lög, teiknimyndasögur og syngja á tónleikum.
- lengri frímínútur
- lengri frímínútur
- Nánast eins en kannski 1 frítíma fyrir alla í skólanum í einu
- lengri frímínútur
- lengri frímínútur. fleiri leiktæki
- Aðeins lengri frímínútur, má vera með húfu/hettu í tíma. Ekki of strangar reglur. Hafa félagsmiðstöð
- Lengri frímínútur



# Skóli

- Heimanám
  - Meira heimanám
    - Skemmtilegri og leika meira. Þrefalda heimanám
    - Ég vil þrefalda heimanám á næsta ári. Bara fisk og núðlur í matinn. Freddý's Back
    - Þrefalt heimanám. Miklu meira af vali.
    - 3x heimanám og mikið meira val. Miklu fleiri leiktæki og meira hestaval
    - Læra meira og betri mat
    - Meira val. Lengri frímínútur. Meira heimanám
    - Þrefalda heimanám. Losna við Parta úr skólanum. Hafa hestaskóla. 3x heimanám og miklu meira val
    - Hafa mikið heimanám
  - Losna við heimanám. Gossala t.d. kók
  - Ekkert heimanám og val fyrir 7-10 bekk
  - Ekkert heimanám og bestu kennarar í öllum heiminum. Og það má koma með nammi í nesti.
  - skemmtilegt heimanám
- Minna heimanám
  - Ekkert heimanám
  - Minna heimanám
  - Minna heimanám
  - Minna heimanám
  - Minna heimanám. MMA kennsla. Meira val. Allir dagar (valdagar) í allan daginn
  - ekki mikið heimanám
  - Minni lærdómur. Minnka námsskrána. Fleiri upptökur. Lengri matartíma
  - Minnka heimanám
  - Ekki mikið heimanám
  - Minni heimanám
  - minna heimanám, fá meiri hjálp frá kennurum, hjálpa þeim sem eru með athyglisbrest
  - minna heimanám





# Skóli

- Íþróttir
  - Fótboltaskóli
    - Fótboltaskóli
    - Stærri fótboltavöll
    - Fótboltaskóla
    - Stærri fótboltavöll
    - Stærri fótboltavöll
    - Fótboltaskóla
    - Góður fótboltavöllur
    - Fótboltaskóli
    - Fótbolta og minna heimanám
    - annan fótboltavöll
    - Stærri fótboltavöll
    - Sem fótboltaskóla og ekkert heimanám
  - ég vil meiri íþróttatíma
  - fleiri íþróttatíma
  - lengri íþróttatíma t.d. 4x í viku
  - styttri íþróttatíma
  - Meiri leiktæki, íþróttir allan skólann
  - Meiri íþróttir
  - Fleiri íþróttatíma
- íþróttir
  - Fleiri íþróttatíma
  - smíði hálfan dag, íþróttir hálfan dag. nían skólabíll
  - æfa frjársar eftir skóla
  - körfuboltavöll
  - meira af íþróttum minna af sundi
  - lengri leikfimitíma
- Heimilisfræði
  - Fleiri heimilisfræðitíma
  - Fleiri heimilisfræðitíma
  - heimilisfræði og handmennt á hverju skólaári
  - fá að fara oftari í heimilisfræði
  - Tryggvi. Hafa fleiri svona heimilisfræðitíma og smíða og handavinnu. Líka frjálssa tíma sem maður getur farið í íþróttahúsið
- Kaffi og tóbak
  - Kaffikönnu í hverja kennslustofu
  - kaffi, meiri tíma til að hreyfa sig í tímum. tóbaksnotkun sé leyfð
  - kaffi í stofurnar. lengri frímínútur. leyfa tóbaksnotkun
  - nemendur hafi leyfi til að fá sér kaffi frá kennurum. lengri frímínútur



# Skóli

- Kennarar
  - kennara sem eru ekki strangir af því að kennarar eru strangir. Meirihluti kennara eru strangir sem er ekki gott. Og hafa norsku tíma
  - vil bara að hafa kennara og Brynjar. Góðan mat - pizzu
  - Skemmtilega kennara
  - skemmtilegri kennara. hafa skemmtilega liti í stofunum
  - að umsjónakennarar verði góðir og að allir í skólanum séu góðir
  - góðan og almennilegan bekk og góðan kennara. Fá verkefni við sitt hæfi
  - góða kennara. lengri frímínútur, bara leiki, meiri íþróttir, ekkert sund, meira val
  - enga leiðinlega kennara, lítið af bóklegum tímum, langar frímínútur, meiri íþróttir, ekkert sund, meira val
  - góða kennara
  - góðann kennara
  - þegar það er eitthvað að þá verða kennararnir að gera eitthvað í því
  - ekki skipta um smíðakennara
  - ekki losa sig við Matta
- Góðir kennarar og skemmtilegir krakkar
- Hafa betri kennara og skatepark
- Vini og gæðakennara
- skemmtilegri tíma hjá Sigurlaugu
- góðan kennara
- góðir kennarar
- Skemmtilega kennara
- Góðir kennarar og gott starfsfólk
- Skemmtilega kennara
- Skemmtilega kennara
- Hugmyndaríkir kennarar með fjölbreytt nám
- Má tala meira í tímum
- Allir eru ekki eins. Munið það kennarar
- Skemmtilega kennara
- Skemmtilega kennara
- Góða og skilningsríka kennara
- skemmtilegt fólk, skynsamlegar reglur, góðir kennarar
- hafa meiri skilning á nemendum
- skemmtilegan kennara



# Skóli

- Leiktæki
  - Fleiri leiktæki á skólalóðina
  - ný leiktæki
  - fleiri leiktæki
  - fleiri leiktæki
  - fleiri leiktæki
  - mikið útidót
  - fleiri leiktæki á leikvöllinn
  - fleiri leiktæki
  - rennibraut niður í allar stofur
  - leiktækjum
  - fleira útidót t.d. sippubönd, snú snú bönd, frisbídiska
  - meiri útidót
  - meiri leikföng
  - fleiri rólur
  - stækka skólalóðina
  - betri leikvöll
  - fá ný leiktæki, skóflur og fötur. hafa badmintonvöll. hafa martein áfram. fá stundum kakósúpu í matinn. fá dans fyrir 4 6
- Fleiri leiktæki. Að sumir fái að vera inni í frímínútum en aðrir ekki
- Leiktæki, skemmtilega kennara
- Fleiri leiktæki, stærri völl, Paintball völl
- Ekkert heimanám og hafa rampa (skateparks). Enga glataða kennara. Graffiti á veggjunum.
- Fleiri leiktæki
- Betri leikvöll fá xxx og s.frv
- Með fleiri leiktækjum
- Paintball, fleiri leiktæki, bíókvöld fyrir 4. bekk
- Stærri garð
- Fleiri leiktæki fyrir eldri. 7-10. bekkur í vali. Hafa græna daga. Skilja ruslið að
- Leikir
  - Fleiri leiki
  - lærdómur til kl. 2:00 og svo verði farið í lærdómsleiki
  - leika sér
  - Meiri leiki



# Skóli

- Matur
  - góðan mat
  - góðan mat í hádeginu
  - það er að lengja frímó og mætti taka gómsætt nesti
  - lengra matarhlé
  - að það sé frjálst eftir tíma, að það megi koma með sætabrauð, að jólafríð byrji 1. desember. Skemmtilegri tíma
  - góðan mat. góða kennara. lengri matreiðsla
  - Hvað þarf til þess að mér líði vel í skólanum? Ánægjulegt umhverfi, góðan hópsanda og lengri matartíma
  - góðan mat
  - Hafa lengri nestistíma
- Samfélagsfræði
  - meiri samfélagsfræði
- Samkennsla
  - engan 3. bekk í samkennslu
- Samskipti
  - Ef bæði kennarar og nemendur eru almennileg og góð við mig
  - að allir séu skemmtilegir
  - góður félagsandi
  - góð samskipti milli nemenda og kennara
  - vera með skemmtileg fög
  - ekki of mikið stress
  - aðeins skemmtilegri og engin slagsmál
  - góða og skemmtilega kennara, þægilegri borð og stóla, góðan mat, góða vini, fína stofu, gott námsefni, góðar aðstæður til að vera í frímínútunum
  - ég vil hafa hann að enginn er leiðinlegur og að það má slappa af. fara í íþróttir
  - frjálst aðeins styttri skóla á sumum dögum og krakkarnir munu kannski hafa meiri tíma saman
  - góðan og skemmtilegan skóla, góða vini, góð borð og stóla
  - góða vini, velgengni og góða kennara, góðann mat, skemmtilega tíma, fína stofu, lengri íþróttatíma
  - Að allir séu vinir. Aðeins fleiri leiktæki. Ef einhver má vera inni án þess að hafa verið veikur þá mega aðrir gera það líka.

# Skóli

- Skemmtilegan skóla
  - Skemmtilegri ekki eins mikið heimanám, frjálst og léttari stærðfræði, fimleikar, lengri íþróttir og danstímar á öðrum hvorum degi. Horfa stundum á myndir líka breikdanstímar, ekki eins mikið af íslensku tímunum og í staðinn afslöppun eða sund
  - So gam
  - Skemmtilegan
  - Skemmtilegri
  - Skemmtilegri
  - Skemmtilegt í skólanum
  - eins og hann er
  - skemmtilegan
  - betri
  - skemmtilegan lærdóm
  - skemmtilegan
  - hann á að vera skemmtilegur en samt á að vera hægt að læra
  - skemmtilegan og afþreyingarmikinn
  - skemmtilega tíma inn á milli
- skólinn sé skemmtilegur
- hafa græna daga
- þægilegri borð og stóla
- hafa græna daga
- þema á föstudögum
- að hafa nammi daga
- skemmtilegan skóla
- að hann sé skemmtilegur
- skemmtilegt
- skemmtilegan
- fjölbreyttur
- skynsamlegar reglur
- meira af þemu á föstudögum t.d. allir í gulu
- skemmtilegan
- bara að það sé skemmtilegt alla daga
- ég vil bara góðan skóla þannig vil ég hafa skólann
- frumlegur
- skólinn sé skemmtilegur



# Skóli

- Skólaandi
  - Kósý
  - Kósý
  - Kósý
  - rólegri með því að hafa rólegan tíma með öllum í skólanum einu sinni eða oftár í viku
  - Að allir séu góðir við hvern annan
  - Að allir séu kurteisir og klári nestið sitt
  - Þægilegri
  - Gaman og skemmtilegt
  - Öll jákvæð lýsingarorð sem eru til
  - Og góðan skóla
  - Að það sé gaman í skólanum og að kennararnir séu skemmtilegir
  - jákvæðni
  - sveigjanleika
- Skólabækur
  - Engar skólabækur
  - Minni bækur
  - Skemmtilegar bækur
- Skólatími
  - Stuttan
  - Að skólinn byrji seinna á morgnanna
  - Stuttan
  - Styttri
  - Byrja í skólanum seinna á morgnanna. Betri mat. Stytta skóla. Betri stóla. Skemmtilegri. Meiri hjálp fyrir þá sem þurfa í náminu. Meiri áhersla á verklegt nám. Betri sófar og aðstöðu í frímínútum. Fleiri tæki á skólalóð og í íþróttahúsi.
  - Ég vil að skólinn byrji seinna á mánudögum
  - skemmtilegan skóla - styttri skóladag
  - ekki svona lengi
  - stytta skólann um 2 klst.
  - hafa skólann frá réttum til 1. maí (1.okt. -1. maí)
  - styttri skóladaga. Frá 10 mín í 9 til 13:00 eða 14:00
  - hafa skólann búinn kl. 13:30 á miðvikudögum
  - styttri skóladag
  - að hann byrji kl. 10:00 og verði til kl. 4:00
  - styttri skóladaga
  - Skólinn mætti byrja seinna og vera lengri og sumarfríið byrja fyrr
  - styttri tímar



# Skóli

- Skrautlegur skóli
  - hafa skólan hvítan, alltaf að læra
  - hafa fleiri málaða veggi, hafa alltaf fisk í matinn, betri eftirrétt í matinn
  - röndóttan
  - hafa skólann rauðan
  - mála skólann röndóttann
  - skólinn á að vera bleikur, ég vil alla daga vera í smíði
  - gott að allir séu í bleikum buxum og að allir séu í hermanna buxum og hermanna peysum
  - mála skólann bleikan
  - Koma fleiri krakkar og mála og skreyta veggina og betri mat
  - Ég vil hafa skólann flottann
- Stærðfræði
  - Meiri tíma til þess að reikna, meiri hjálp frá kennurum og fyrir þá sem vilja, einkatíma fyrir þá sem eru döldið lengur að reikna, skrifa og lesa og meiri kennslu
  - minni stærðfræði
  - meiri stærðfræði
- Sumarfrí
  - Minni skóli - meira frí
  - Ekkert vetrarfrí
  - Lengra sumarfrí - byrjar í byrjun maí og endar í lok ágúst
  - Stærri sparkvöll
  - Taka vetrarfríð og lengja sumarfríð
  - Taka haustfríð og lengja sumarfríð
  - Styttu bara öll fríin nema sumarfríð
  - Lengra sumarfrí
  - Lengra sumarfrí
  - Styttu páskafríð
  - Mig langar að skólinn er búinn 10. maí og hætti 20. september
  - Lengra sumarfrí
  - Styttu jólafríð
  - Lengra sumarfrí
  - Lengra vetrarfrí
  - Lengra sumarfrí
  - hafa lengra sumarfrí sem byrjar fyrr og endar seinna
  - meira sumarfrí
  - Miklu meira frí og föndur
  - lengra sumarfrí
  - Gaman, hafa lengra sumarfrí



# Skóli

- Útbúnaður
  - Fleiri tölvur
  - Gosvélar á ganginum
  - Herbergi með fullt af dýrum
  - Fá leikjatölvur í skólann t.d. xbox og Playstation 3
  - Ég myndi hafa bolta og fleiri rólur bara nýjar. Fleiri snaga, nýja körfubolta og körfuboltaspjald
  - Fleiri tæki í íþróttahúsið
  - Góða kennslu, þægileg borð og stóla. Byrja aðeins seinna á mánudögum. Góðan mat - betri
  - Byrja seinna á mánudögum. Þægilegri stóla. Betri mat
  - Góða kennslu, þægileg sæti. Byrja miklu seinna í skólanum
  - Betri og þægilegri sófa
  - Fleiri sófa fyrir frímínúturnar
  - vera úti í kennslu
- Sund
  - Að hafa lengri sundtíma og lengri tíma til þess að labba úr sundlauginni í skólann
  - sund
  - sund, valtimi eða íþróttir að minnsta kosti einu sinni á hverjum degi
- Tónmennt
  - Hafa lengri tónmenntartíma
- Útikennsla
  - Fjölbreyttari kennslu. Meiri útikennslu
  - Mikil útikennsla
  - læra úti þegar gott veður úti
  - meira úti ....eða læra úti
  - hafa útikennslu
  - og að vera úti í tímum og meiri leik
  - Minna heimanám, meiri útitímar og ekki jafn mikið unnið í bókum
- Val
  - Meira val.
  - Val á öllum dögum
  - þannig að 8undi bekkur fái að fara í val





# Skóli

- Verklegt nám
  - Meira verklegt nám
  - Nálsgast námið öðruvísi en bara sitja við borð og skrifa og lesa heldur hafa meira verklegt t.d. leikrit í íslensku
  - hafa gaman traktóra
  - Skemmtilegri verkefni
  - Byrja seinna á öllum dögum og hafa þá lengri svo við getum sleppt föstudögum. Hafa smíði handmennt og þannig tíma lengri og þurfa ekki í safnfélags að læra um alla sem eru dauðir
  - Ekki svona lengi og hafa meira verklegt
  - Vil að meiri áhersla sé lögð á verklegt nám í stað bóklegs náms
  - Hafa meira verklegt
  - Meira verklegt
  - Meira verklegt og minni vinnu í bókum
  - hafa fleiri smíði og.....
  - að skólinn verði betri og það verði fleiri smíði á mánudögum
  - vera meira með verklegra eins og fara í efnafræði og blanda saman efnum
- Annað nám
  - passlega mikið nám
  - hafa fornleifafræðitíma
  - læra
  - læra meira
  - og minni dönskutíma
  - fara á hestbak í skólann
  - fara á hestbak í skólanum
  - hafa Matta lengur. fleiri leiktæki. minni heimalærdóm. meiri leiktíma
  - Læra meira
  - Hafa rúbbí kennslu
  - Það má gera allt í skólanum
  - Skemmtun - blandað - leikjatölvur



# Íbúar



# Íbúar

## Grunnskóli

- Akstur
- Annað
- Grenndarsamfélagið
- Húsnæði/aðstaða
- Innra starf skólans
- Kennsla
- Skóladagatal
- Skólalóð
- Stefna

## Heimili vs/skóli

- Foreldrar vs foreldrar
- Samskipti
- Samstarf
- Upplýsingar
- Þátttaka

## Leikskóli

- Leikskólahúsnæði
- Útisvæði
- Opnun-viðburðir
- Kennsla

## Mötuneyti

- Hollusta
- Morgunhressing
- Stefna

## Samstarfs við aðra

- Alþjóðlegt
- Eftir skóla
- Framhaldsskóli
- Íþróttir og skólinn
- Sameining leik og grunnskóla
- Samstarf grunnskóla
- Samstarfs leik og grunnskóla



# Akstur

- Öryggi barna á akstursleiðum tryggt
- Gera kröfu á að skólabílarnir séu fjórhjóladrifnir. Auðveldar bílum að komast á milli, t.d í brekkum í heimkeyrslum + eykur öryggi
- Að bílstjórar beri ábyrgð á börnunum í bílnum. T.d gagnvart einelti sem er alltaf vandamál. Að foreldrar eða börnin talað við hann og hann komi því til rétttra aðila
- Skólaakstur ávallt miðaður við hagsmuni nemenda. Sem stystur tími í bíl fyrir þá sem lengst eiga í skóla
- Akstur skólabíla séu færðir til skoðunar tvisvar á ári
- Stytta skólaakstur barna eins og unnt er með auknum bílaflota
- Hugsanlega kominn tími til að endur skipuleggja skólaaksturinn

# Annað

- skilgreina hlutverk starfsfólks, foreldra, barna í skólasamfélaginu
- Athuga hvort að hægt sé að virkja 5.grein kennarakjarasamninga
- Hæft og gott starfsfólk bæði í grunnskólum og leikskólum
- Samkenntla efríbekkja. Margt gott um það - EN: Hvað gerir það fyrir samfélagið á Laugarvatni? Hvað detta niður mörg störf þar við slíka sameiningu? Værum við e.t.v að missa þá fjölskyldufólk af staðnum? Hvað kemur í staðinn?
- Taka þátt í landsmótum af ýmsum toga (námskeppnir) - skapar liðsheild
- Umboðsmaður barna óháður aðili sem foreldrar og börn geta leitað til
- Athugasemd - Hver er ætlan kennarans til nemenda og krafa foreldra til kennara. P.s menntun/ + sálfræði
- Hvað kemur út úr þessum skoðanakönnunum sem eru gerðar í lok hveurrar annar. Lærdómur, uppgjör, hvernig eru þær notaðar í skólasterfi
- Laugavatn: Sjálfvirka skólabjöllu
- Setja upp hljóð- og kvikmyndaaðstöðu eins og t.d í Laugarnesskóli



# Grenndarsamfélagið

- Sérstaða svæðisins
  - Tengja námið betur við nærsamfélagið. -Heimsóknir á sveitabæi, t.d skoða sauðburð, heimsóknir í fyrirtæki í samfélaginu, heimsóknir á sögufræga staði í nærsamfélaginu
  - Tengsl við grenndarsamfélagið. -Gróðurhús, bændur (sauðburður á vorin) o.f.l, t.d á haustin og vorin
  - Auka áherslu á nærumhverfi - kenna sögu sveitarinnar - nýta þekkingu sem er innan sveita
  - Nýta sérstaklega nálægð við hefðbundin búskap og t.d. ylrækt og gróðurhúsaíðn
  - Fara ferðir með börn á söfn og nágrenni til að fræða þau um sögu og menningu
  - Leggja meiri áherslu á sögu og menningu í héraðinu nær (til kennslu). Góð gömul gildi
  - notfæra okkur grenndarsamfélagið til að færa starfsemina út úr skóla. koma á samstarfi við fyrirtæki sbr. ylrækt fyrir nemendur sem eiga erfiðara með bóklegt nám
  - Styrkja sérstöðu samfélagsins - bændasamfélag, hefðir í sveitinni o.fl
- Nýta mannauðinn í nærsamfélaginu. Fá foreldra og aðra til að hafa fyrirlestra um ýmis mál
- Öflugri samræða um menntamál á Suðurlandi - staða Suðurlands á landsvísu s.s miðað við mælikvarða á bóknám
- Halda brunæfingar í samstarfi við slökkvilið
- Nýta greindarsamfélagið
- Miðlun
  - Miðla meira efni til samfélagsins til fróðleiks og skemmtunar
  - Vinna meira efni úr nágrenninu og um það og miðla því til samfélagsins t.d á heimasíðu eða tímaritum
  - Taka þátt í uppákomum og samkomum, gera skólann sýnilegri í samfélaginu
- Atvinnulíf
  - Nýta betur hæfileikaríkt fólk í samfélaginu, t.d eldri borgara og atvinnulífið á svæðinu
  - Koma á skipulagi þar sem foreldrar, eldri borgarar og aðrir áhugasamir komi inn í kennslustund til aðstoðar og miðla af reynslu sinni
  - Í námi, fá fólk með reynslu úr atvinnulífi til að fá tengingu við námsefnið - ræða við börnin um hvað er hægt að nota námsefni í - t.d dönsku
  - Samvinna við grenndarsamfélagið, tengja nám við atvinnustarfssemi
  - Tengja skólann meira við atvinnulíf sveitarinnar. Auðveldara er að virkja lítil samfélög með í skólastarfið og tengja skólann meira út á við

# Húsnæði/aðstaða

- Tæki og tól
  - Betra aðgengi að kennslugögnum. T.d skjávarpa á færanlegum vagni tengdur við tölvu. Tæknivandamál taka dýrmætan tíma
  - Við þurfum sérstaka tölvustofu...og góðan tölvubúnað (í ljósi meiri upplýsingatækni) (smartbox)
- Leiksvæði
  - Betra leiksvæði
  - Hvað má betur fara í skólastarfinu. Betri leikaðstaða - rólurvöllur t.d.
  - Meiri afþreyingu í útifríminútum(leiktæki v.grunnskól. Reykh.)
- Það mætti gera skólann meira að þeirra svæði (með því að leyfa þeim að ráða litavali innan skólans. (taka út hvíta veggj). leyfa börnunum að taka virkan þátt í flestu
- lifandi skóli. burt með hvíta sjúkrahúsveggi, fá gleði í veggina. plöntur
- Betri frístunda- og félagsaðstöðu



# Innra starf skólans

- 8.-10. bekkur
  - 8. -10. bekkur. Allir í Reykholti
  - Taka til vandlegrar skoðunar og þá með þarfir nemenda í huga hvort sé til bóta að keyra alla daga 8.,9. og 10.bekk frá Laugarvatni í Reykholt
  - Sameina unglिंगadeilir á Laugavatni og Reykholti 7-10 bekk, safnskóli í Reykholti
  - Meiri samkennd í elstu bekkjum skólanna í Reykholti og á Laugarvatni (ekki að meina samkennd bekkja t.d 8. og 9. bekk heldur samkennd í bara sem eru í sama bekk t.d 8.bekk á báðum stöðum)
  - 9. eða 10. bekk. Hafa í boði áhugasviðspróf frá Háskóla Ísl. Að það hjálpi til við val á framhaldskóla
- Frímínútur
  - Betri gæslu í útivist (frímínútum). Vantar að fylgst sé með allri lóðinni
  - Bæta aðbúnað nemenda í frímínútum
  - Allir út í frímínútum, auðveldar gæslu
  - Betri gæslu í frímínútum. Börn komast upp með ótrúlega hluti þegar aðrir sjá ekki til. Hægt væri að fá eldri nemendur í samstarf með skólanum og það eykur líka ábyrgðakennd þeirra nemenda
  - Eldri börn út að leika, ekki hanga inni í frímínútum
- Heimanám
  - Vel skipulagt heimanám (það sé reglulegt/mátulegt)
- Kynningar
  - Góð kynning fyrir nýnema sem koma frá öðru sveitarfélagi fyrir nemendur og foreldra
  - kynna nýjum foreldrum vel reglur og hefðir skólans jafnvel þó að þeir hafi átt barn í skóla um nokkra hríð
  - Kynna framhaldsnám fyrir grunnskólanemum + starfsfræðsla. Bóknám + iðnnám, verkgreina
  - Meiri upplýsingar/umsagnir um hvernig nemendum gengur/hegðun í valgreinum á unglिंगastigi. Upplýsingar um hvað þau/nemendur eru að fást við. Upplýsingar til foreldra og almennt





# Innra starf skólans

- Laugarvatn/Reyholt
  - Enn frekara samráð milli kennara sem eru að kenna sama aldurstigi og sömu greinar í Reykholti og Laugarvatni...og svo Flúðum?
  - Meiri samskipti kennara milli skóla
  - Meiri samstarf milli skólanna
  - Hvað má betur fara í skólastarfinu? Efla samstarf/samvinnu/samlegð grunnsk.á Laugarvatni og í Reykholti. Sameina efstu bekkina?
  - Auka samstarf milli skóla bæði grunnskólans Laugarvatn + Reykh.og við leikskóla
  - Meiri samskipti milli nemenda - skólahverfa
  - Bæði Laugarvatn/Reyholt. Koma á fót safni frá kennurum, kennsluefni og áætlanir á sameign tölvunar. Hugmyndir og fl.
  - Sami skóli. Meiri samvinna á milli staða
  - Enn meiri samvinna kennara
  - Kennarar sem eru færlegir t.d. 2 dagar Reykholt 3 dagar Laugarvatn
  - Meira samstarf milli skóla, innan sömu faggreina. Faggreinafundir
- Menntun
  - Auka endurmenntun kennara
  - Meiri tíma í endurmenntun fyrir starfsfólk á skólatíma
  - Endurmenntunarstefna skólans í samræmi við skólastefnu skólans
  - Þróunarverkefni með starfeindarannsókn um kennara
  - Kenna kennurunum samskipti, virðingu - bæta vinnuumhverfi
  - Leggja áherslu á faglega endurmenntun kennara og skólastjórnenda
  - Öflug símenntun starfsfólks og samvinna/samstaða á Suðurlandi
  - Setja sér skýr og metnaðarfull markmið í símenntunaráætlun starfsmanna
  - Ég myndi vilja sjá fleiri faglærða kennara/leiðbeinendur starfa við leikskólann. Jafnvel þá bjóða þeim starfsmönnum sem fyrir eru á námskeið/fræðslu við hæfi
  - Námskeið í jákvæðni! Vantar f.kennara, sérstaklega þegar líður a veturinn. Koma í veg fyrir kennsluleiða

# Innra starf skólans

- morgunmat kl. 09:30
- Námsmat
  - Æskilegt að kennari eða umsjónarmaður gefi umsögn um getu nemanda ár
  - Uppgjör á samræmdum prófum, hvar stendur barnið miðað við önnur börn og eða bekkurinn. Halda fund og fara yfir matið. Hvað má bæta eða hvað fór vel
- Nemendur
  - Líðan
    - Huga vel að líðan barnanna í skólanum og ganga frá gerð viðmiðunarreglna sem tryggja sem besta líðan
    - Vinna stöðugt með samskipti aðila- nemenda, kennara, allra, styrkja sjálfsmynd nemenda
  - Marg breytileikinn nýttur með því að hafa námshópa blandaða, forðast flokkun eftir getu
  - meira samstarf milli nemenda. ekki einblína á bekki heldur getu hvers og eins. blanda saman aldurshópum og gefa eldri nemendum tækifæri til að leiðbeina yngri
  - Forvarnir - fræðsla. Einkatímar frá félagsfræðingi
- Skólareglur
  - Gegnsæjar reglur fyrir skóla xxxxx
  - Meira samræmi varðandi reglur skólans þ.e að allir hafi sömu viðmið og fylgi sömu reglum t.d í frímínútum og í tímum
  - hegðun - umgengni - virðing í skólanum. kenna með markvissum hætti skólareglur - umgengnisreglur frá upphafi skólagöngu
- Styrking
  - Eineltisáætlum
  - einelti - taka strax á því. hringja í foreldra ef það koma upp mál, aftur og aftur
  - fræðsla vegna eineltis og starfsfólk þekki þá hættu
  - það þarf kannski að fylgjast betur með krökkunum þegar þau eru að fara á milli grunnskóla í íþróttahús (L-vatn) - þau fari saman - ekki skilja útundan / einelti
  - gæta að einstaklingnum. auðvelt að verða útundan í leik og starfi
  - Hafa reglulegar samverustundir í grunnskólum, milli aldurstig, allir saman
  - Vera með opna fundi með nemendum varðandi forvarnir og lífið sjálft



# Innra starf skólans

- Vinnulag
  - Að kennarinn tali meira við börnin, á þeirra forsendum
  - Starfsmannahópurinn sé samhentur
  - Samræma notkun á Mentor
  - Nota Mentor alla leið
  - Efla samvinnu starfsmanna, bæði leik og grunnskóla. T.d starfsmannafélag í öllum skólum
  - meiri tími til samskipta milli starfsmanna skóla "samstarfsfundir"
  - Að vinnufriður sé á tímum; bættur agi (aukinn)
  - Þegar upp kemur ofbeldi eða alvarleg stríðni án þess að það kallist einelti, að taka betur á slíkum málum
  - Föstudagsbréf kennara til foreldra í bekknum. Hvernig var vikan
  - Að umsjónarkennarar séu umsjónakennarar allra barna jafnt, líka þeirra sem hafa sérþarfir
  - Ef nemandi fær greiningu í leikskóla - grunnskóla að sú greining fylgi honum alla sína skólagöngu
  - Nota Mentor meira. Skikka foreldra til að fá sér aðgang, gefur okkur tækifæri á að fylgjast betur með börnunum okkar í skólanum
  - Samræmdari kennsluáðferðir. T.d finnst ekki gott þegar einn kennari getur sleppti því að fara yfir verkefni barna á meðan annar gerir það. Hver verður yfirsýn kennarans yfir hvað barnið er státt. Ekki samt þannig að allir eigi að kenna eins
- Skýrari starfslýsingu skólaliða fyrir þá sjálfa og foreldra. Hvað nær starfsviðið langt? Hve mikla ábyrgð má hann taka?
- Nýta kannski betur foreldraviðtölin. Stundum þarf að ræða mál sem tekur tíma að ræða og stundum er betra þegar börnin eru ekki viðstödd. Foreldraviðtölin eiga ekki að snúast eingöngu um einkunnir
- að Sel verði nýtt sem heimanámstími innan skólans og öllum gefin kostur á að leita þangað með hjálp
- Sameiginlegur skóli (Laugarvatn + Reykholt) en vantar kannski meiri samvinnu, samheldni. Unglingar fara í valgreinar í Reykholt, mætti líka skoða í hina áttina. Samkennslu í efri bekkjum



# Kennsla

- Einstaklingsmiðaðnám
  - einstaklingsmiðað (nám) kennsla þar sem kennari mætir nemendum þar sem hann er staddur en ekki kennitölu hans og leiðir hann áfram
  - einstaklingsmiðað nám. virðing gagnvart hverju barni
  - Einstaklingum sem gengur illa með bóklegt nám fái að vera meira í verklegum tímum, þar sem þeir njóta sín
  - koma til móts við alla nemendur upp allan skólann. sérkennsla í boði fyrir þá sem hana þurfa. alla leið
  - Meiri aðstoð við þá sem þurfa auka hjálp
  - Mæta þörfum einstaklinga með sveigjanleika. Hugsa um markmið og meta út frá þeim en að allir þurfi ekki að vera á sama stað í e.r bók
  - Sérkennsluúrræði séu til staðar bæði innan skóla og utan. S.s starfsnám-kynning á umhverfinu
  - Afburðanemendur
    - Sinna betur afburðarnemendum
  - skapa öllum nemendum nám / námsaðstöðu við hæfi t.d. með einstaklingsmiðaðri námsskrá, betur skilgreindu námsmati > til að vinna eftir > sbr. leiðsagnarmati
  - Tími og aðstaða til að sinna þeim nemendum sem stíga frammúr(afburða) og einnig sérkennsluþörfum (raskanir). Einstaklingsmiðuð kennsla. Fleiri en ein leið til að kenna einn "hlut" - mismunandi einstaklingar
- Gera betur varðandi einstaklingsmiðað nám
- Einstaklingsmiðað nám og heimanám
- Einstaklingsmiðað nám þar sem pláss er fyrir alla og áætlum er gerð fyrir þá sem hafa sérþarfir. Virðin fyrir einstaklingum
- Jöfn áhersla á allar námsgreinar með tilliti til sérstöðu hvers nemanda
- Meira einstaklingsmiðað nám
- aðstoða nemendur með námsefnið áður en þeir dragast afturúr
- Leggja áherslu á getu hvers einstaklings og kenna miðað við það
- Skólaþing. Efla einstaklingsmiðað nám
- Hvetja duglegu börnin áfram. Etv hafa "frjálssa" bók sem þau geta nýtt þegar verkefni tímans er lokið
- Agamál
  - ART - reiðistjórnun o.fl
  - Taka upp Art-kerfið
  - Þarfnast að venja börn á meiri aga
  - Nemendur á efri stigum sérstaklega séu þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum

# Kennsla

- Ferðir og Hreyfing
  - Aukin hreyfing á skólatíma. Ganga í skólann, út í frímó - ferskt loft, fleiri "íþróttatímar" með áherslu á öðruvísi íþróttir, t.d golf - skauta -skíði- hjólréiðar
  - Betri aðstöðu til leikja og afþreyingar í frímínútum. Bæri úti og inni
  - Fjölga ferðum nemenda, t.d skíðaferð - skólabúðir o.þ.h. Tryggja að farið sé árlega
  - Meiri hreyfing
  - Ég er ánægð með hvað er vel hugsað um útiveru og hreyfingu leikskólakrakkanna - kenna þeim að ver/leika úti og nýta umhverfið fyrir hreyfingu
  - Nýta sögustaðina í byggðalaginu til kennslu, t.d þróunarverkefni
  - Vildi leggja meiri áherslu á verklegar æfingar, vettvangsferðir í raungreinum, náttúrufræði o.fl. Tengingu við umhverfið
  - Félagslegur þáttur: Að nemendur fái tækifæri helst á hverju ári til námsferða - náttúra, skíði, söfn, íþróttiferðir, leikhús
  - Gefa öllum nemendum tækifæri á að taka þátt í skólabúðum t.d á Reykjum og Laugum
  - Markviss hreyfing og leikir á milli kennslustunda til að hrista hópinn saman og hreyfa sig
- Fræðsla
  - Kynning fyrir nemanda á áhugasviði framhaldsnámi
  - Koma inn í kennsluna frá a.m.k 8.bekk fræðslu um munntóbak, um skaðsemi reykinga - t.d í líffræði/náttúrufræði
- Heimanám
  - 5 mín heimalestur á dag hjá 6-8 ára börnum
  - Breytingar á heimanámi (þannig að börnin læri ekki heima um helgar)
  - Heimanám fram að 10 ára aldri sé bara lestur
  - heimanám sé aðlagð hverjum og einum
  - Hvað má betur fara í skólastarfinu. Minna heimanám. Meiri virkjun í frjálsum tímum í skólanum
  - Minni heimavinnu
  - passa að heimanám sé ekki of mikið
  - Samræma heimanám(milli bekkja)
  - Heimanám. Ræða stefnu. Hvað er mikilvægt? Börn eiga líka rétt á að vera í frí eftir vinnu. Þó eitthvað heimanám svo foreldrar geti fylgst með. Alltaf heimalestur hjá yngstu
  - Hóflegt heimanám
  - Hóflegt heimanám Virða frítíma barna. Nýta skólatíman betur

# Kennsla

- Íþróttakennsla
  - Meiri íþróttakennslu
  - Aukinn hreyfing í gegnum íþróttakennslu. Fleiri íþróttatíma
- Kennsla um fjármál
  - Kennsla í eldri bekkjum um fjármál. Hvað er debet og kredit- hvað eru vextir - hvað er vísitala - hvað er verðbólga og þess háttar
  - Kenna undirstöðuatriði í lífinu - skilja peninga, verðmæti, hvað er t.d verðbólga. Gagnrýn hugsun kennd
  - Læra á lífið með því að kenna: Hvað er peningur og hvernig verður hann til, siðferðilegar framkomur
- Leikur sem nám
  - Flétta saman leikjum og nota sköpunargleði nemanda í kennslu
  - Læra í gegnum leik. Auka aðstöðu, þyrfti jafnvel að fá pláss(aukastofu?) og kannski áhöld. Úti - leik og lærdóms völl
  - Meiri leik í grunnskólanum
  - Blanda leik og kennslu í skólanum og leikskólanum
  - Meiri kennsla í gegnum leik í grunnskólanum
  - Gera námið skemmtilega. Börnin virkari þáttakendur í þeim námsgreinum sem þykja erfiðar. Gera námið meira lifandi
- Námsmat
  - Endurmeta námsmatsleiðir skólans, þ.e í foreldraviðtölum segir ein tala lítið um starf nem.um veturinn
  - Leggja minni áherslu á skrifleg próf. Meta námshæfni á annan hátt. Það þarf ekki próf í öllum fögum!
  - námsmatið mætti vera umfangsmeira sér í lagi hvernig því er skilað. umsagnir vel þegnar
- Námskrár
  - aðalnámskrá - áætlun - Mentor - Eftirfylgni
  - byggja upp verklegt starf. sbr. aðalnámsskrá á skólastarf að vera einstaklingsmiðað. mín upplifun er sú að nemendum sé steipt í sama far
  - Ljúka gerð nýrrar skólanámskrár
  - Eftirlit með að það sé farið eftir skólanámskrá, ekki geðþótta ákvörðun kennara í hvaða efni sé farið og hvernig heimanámi sé háttað

# Kennsla

- Kennsluaðferðir
  - Að hægt sé að leiða saman vinnusemi og vinnugleði. Má vera gaman
  - Börn læri að setja sér árangurs markmið og sjá betur tilgang í náminu
  - einstaklingsáherslur með áherslu á fjölbreyttum aðferðum
  - Fjölbreytni í kennsluháttum. -Nemendur nota mismunandi aðferðir til að læra. Sumum finnst auðvelt að læra á bókina, öðrum með því að framkvæma. Innikennsla - útikennsla
  - Fjölbreyttar kennsluaðferðir - útikennsla - learning by doing
  - Fjölbreyttar kennsluaðferðir sem taka mið af fjölgreindum
  - Fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við misjafnar þarfir nemenda
  - Fjölbreyttari kennsluaðferðir
  - Fjölbreyttari skólastarf brjóta upp hefðbundnari kennslu
  - fjölbreyttir kennsluhættir. innleiða aðferðir við kennslu sem geta komið til móts við þarfir sem flestra nemenda
  - innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir brjóta upp það hefðbundna, kennslustofa, borð, stóll, bók
  - Kennarar fá frelsi til að "kenna" óhefðbundið
  - Námsfni nærri raunveruleikanum. Skilja til hvers á að læra tiltekna námsgrein
  - Nota einstaklingskennslu. Að barnið fái kennslu eftir getu og þroska
- Svigrúm fyrir opna og "líflega" kennsluhætti, uppbot og glens
- Tækifæri til að leita uppi styrkleika hvers og eins nemanda
- Auka fjölbreytni kennsluaðferða. T.d útikennsla eða nám í gegnum leik (vinnu) með tilliti til sérstöðu hvers og eins nemanda
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir (ekki binda sig við kennslubækur)
- Nýta rannsóknir sem gerðar hafa verið í kennsluaðferðum
- Taka meira mið af breytilegum lærdómsaðferðum. Sumir læra betur við að sjá, aðrir við að lesa o.s.f
- aukið þemanám (þverfaglegt) í námsgreinum með aðkomu faggreinakennara
- Djarfara og líflega skólastarf með sýnilegri verkefnum. Skapandi verkefni sem gleðja augað, skreyta skólalóðina og ganga skólans
- nýta valgreinar skólans til uppbyggingar - smíðaval getur byggt upp skólalóð - saumaval getur sett upp nýjar gardínur - myndlistarval getur myndskreytt vegg
- Sveigjanleika í röðun í bekki vs. landfræðlega stöðu vs akstur. Þ.e einstaklingsmiðað nám m.t.t búsetu barnsins og annara í sama aldurshóp
- Hafa getuskipta hópa alltaf þegar hægt
- Meiri teymisvinna kennara
- Hafa fleiri uppbot í skólastarfinu, t.d þemavikur



# Kennsla

- Listnám
  - Efla list- og verkgreinar í starfi skólans (skapandi starf)
  - Efling listnáms, ekki bara tónlist
